

Fundargerð

Sameiginlegur fundur foreldraráða MH og Kvennó, haldinn á kennarastofu MH 16.jan.2018 kl. 18:15 til 19:30.

Mættir: frá MH: Guðlaug, Ingibjörg, Arna og Halla, frá Kvennó: Darri, Petra, Jenný, Regína og Sigga Ragna.

Rætt var um sameiginlegan fræðslufund fyrir foreldra.

Upp komu ýmsar hugmyndir varðandi efni og fyrirlesara t.d. :

- #Meeto, ekki síst varðandi fræðslu til stráka, hvernig er best að nálgast börnin okkar varðandi þessi mál (Sigga Dögg kynfræðingur)
- samskipti, Margrét Lilja frá Rannsóknnum og greiningum og Bryndís hjá Heimili og skóla hafa haldið sameiginlega fyrirlestra fyrir foreldra
- stafrænt ofbeldi (í tengslum við "Myndin af mér")
- einmanaleiki unglunga (Bóas sálfræðingur í MH) skv. Bóasi og Jenný sem starfar hjá Landlækni er einmanaleiki algengur hjá ungu fólki. Við ræddum líka um hvort einmanaleiki sé algengari í skólum með áfangakerfi ?
- 18 ára, og hvað svo ? breytingar sem verða þegar unglingar verða 18 ára og forráðmenn hafa ekki lengur aðgang að Innu, heimabanka o.fl. Hvaða kröfur geta foreldrar gert til sjálfráða ungmenna sem enn búa heima ?
- ýmislegt áhugavert í gangi í HR, bæði í sálfræði og íþróttufræði, sérfræðingar þar hafa verið með ýmsa fyrirlestra t.d. varðandi kvíða og líðan ungmenna

Ákveðið var að byrja á að hafa samband við Siggú Dögg og stefna á þriðjudaginn 27. febr eða miðvikudag 28. febrúar . Ef það gengur ekki eftir verða aðrar af ofangreindum hugmyndum kannaðar.

Kvennó sagði frá því að foreldrar hefðu fengið Siggú Dögg til að vera með fræðslu fyrir alla fyrsta árs nemendur í Kvennó, kostnaðurinn er dekkður með sjálfvalgreiðslum foreldra sem innheimt eru með skólagjöldum.

MH sagði frá fyrirhuguðu kaffishúsakvöldi.

Fundi slitið.